

## **Fundargerð 2. fundar námsmatsnefndar Skógfræðingafélags Íslands.**

Fundurinn var haldinn á Mógilsá þann 17. maí 2004. Allir nefndarmenn mættu til fundar. Fundarritari var Arnór Snorrason.

Eftirfarandi mál voru á dagskrá:

1. Umsóknareyðublað ásamt kröfu um fylgiskjöl.
2. Lágmarks námskröfur fyrir inngöngu í félagið.
3. Siðareglur námsmatnefndar.
4. Vinnuferli vegna umsókna í félagið

1. mál:

Lögð voru fram drög af umsóknareyðublaði. Nefndin lagði blessun sína yfir það með lítils háttar breytingum. Bætt var inn formi fyrir ár útskriftar. Einnig að sýnt væri dæmi hvernig á að fylla út eyðublaðið.

2. mál:

Nefndin fylgdi ákvörðun frá sameiginlegum 1. fundi stjórnar félagsins og námsmatnefndar um að í fyrstu fengu aðeins þeir inngöngu sem hefðu til þess tiltekna menntun. Að þessu sinni verða ekki metnir möguleikar manna til að ganga í félagið á grundvelli starfsreynslu.

Í samræmi við þessa ákvörðun og lög félagsins leggur nefndin til að inngöngu í félagið fái þeir sem lokið hafa að lágmarki BSc. gráðu eða sambærilegri gráðu í skógfræði eða skildu fagi frá viðurkenndri háskólastofnun. Háskólanám umsækjenda skal að lágmarki samanstanda af grunnnámskeiðum í 10 af 15 fagflokkum sem taldir eru upp hér fyrir neðan:

1. Grunngreinar raunvísinda. Sem eru: Eðlisfræði, stærðfræði, efnafræði.
2. Lífvísindi. Sem eru: Almenn líffræði, vistfræði, skógvistfræði.
3. Jarðvísindi. Sem eru: Jarðfræði, jarðvegsfræði.
4. Félagsvísindi. Sem eru: Félagsfræði, heimspeki.
5. Almenn hagfræði, rekstrarhagfræði, skóghagfræði.
6. Skógstjórn (E: forest management) eða almenn stjórnfræði.
7. Skógrækt (E: silviculture)
8. Skógskaðvaldar (E: forest pathology/entomology) og skógvernd (forest protection).

9. Skógmælingar (E: forest mensuration)
10. Skógartækni (E: forest technology)
11. Viðarfræði, viðartækni og viðarvinnslufræði.
12. Skipulagsfræði og áætlanagerð.
13. Landmælingar og kortagerð.
14. Tölfræði og aðferðafræði.
15. Tölvufræði og vefsíðugerð

Nefndin mun dæma um hvort lágmarks kröfum sé fullnægt í hverju tilviki fyrir sig með skoðun á fylgiskjölum umsóknar, þ.e.a.s. prófskírteinum og einkunnarblöðum. Ef umsækjandi fullnægir ekki lágmarkskröfum um háskólanám mun nefndin rökstyðja þá ákvörðun sína skriflega í greinagerð til stjórnar.

Eina undantekningin frá þessari reglu er í samræmi við samþykkt stofnfundar félagsins, sem segir:

"Þeir sem lokið hafa fullgildu skógtækniprófi frá skólastofnum, þar sem skógfræðináminu hefur verið breytt þannig að í stað skógtæknináms útskrifast skógfræðingar með a.m.k. B.Sc. háskólagráðu, geta sótt um aðild af Skógfræðingafélagi Íslands."

Þeir umsækjendur sem falla undir þetta ákvæði þurfa að sýna fram á að þeir fullnægi skilyrðum sem koma fram í samþykktinni. Það gera þeir með því að fylla út umsóknareyðublað og senda inn prófskírteini og einkunnarblöð.

3. mál.

Námsmatsnefningin hefur sett sér eftirfarandi siðareglur:

1.gr.

Ef kemur inn á borð nefndarinnar umsókn frá nefndarmanni eða maka eða skyldmönnum þeirra í þriðja lið eða minna, skal nefndarmaður víkja að fundi meðan viðkomandi umsókn er afgreidd til stjórnar. Honum skal ekki verða gerð grein fyrir niðurstöðu í afgreiðslu slíkra mála.

2.gr.

Farið verður með allar upplýsingar frá umsækjendum sem trúnaðargögn og bera nefndarmenn ábyrgð á að þau berist ekki í hendur annarra.

3.gr.

Álitsgerðir nefndarinnar vegna umsókna eru einnig trúnaðarupplýsingar sem ekki verða gerðar aðgengileg öðrum en nefndarmönnum, stjórn félagsins og viðkomandi umsækjenda.

#### 4. mál

Til að flýta afgreiðslu umsókna leggur nefndin til við stjórn að umsóknir berist milliliðalaust til nefndarinnar. Nefndin mun síðan meta umsóknir og afgreiða þær skriflega til stjórnar. Stjórnin mun síðan tilkynna hverjum og einum skriflega hvort viðkomandi hafi fengið inngöngu í félagið. Nefndin ber ábyrgð á að varðveita öll gögn er varða námsmat þ.e. afrit af prófskírteinum og einkunnablöðum ásamt afriti af umsóknum.

Að loknum yfirllestri og undirskrift verður fundargerð fundarins send stjórn félagsins. Nefndarmenn vonast til að stjórnin leggi blessun sína yfir meginmál fundarins og sendi út bréf til væntanlegra umsækjenda ásamt umsóknareyðublaði og upplýsingum um starfsreglur og siðareglur nefndarinnar.

Nefndin er tilbúinn að taka til starfa að undangenginni samþykkt stjórnar á framlögðum verklagstillögum nefndarinnar.

Fundi slitið.

---

Aðalsteinn Sigurgeirsson

---

Arnór Snorrason

---

Björn B. Jónsson